



Hafnarfirði 27. apríl 2016.

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018.

Hafnarfjarðarbær fagnar því að samkvæmt samgönguáætlun á að flýta framkvæmd við mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar. Sú framkvæmd er löngu orðin tímabær. Núverandi gatnamót Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar eru barn síns tíma og umferð um þau fyrir löngu komin langt fram yfir það sem þau geta annað. Við bætist svo stigvaxandi umferð á Reykjanesbraut til og frá Keflavík og geta aðstæður í og við gatnamótin oft á tíðum verið stórhættulegar. Oft á tíðum eru ökumenn að taka verulega áhættu við að komast af Krýsuvíkurvegi inn á Reykjanesbrautina. Það er mikilvægt að ljúka þessum framkvæmdum sem fyrst því annars er ekki spurning um hvort þarna verður alvarlegt slys heldur hvenær. Er þetta því mikið hagsmuna- og öryggismál. Með hliðsjón af því að fjármagn verði til framkvæmdanna á næsta ár er lögð áhersla á að samið verði við væntanlegan verktaka um að framkvæmdir hefjist í haust og útboð fari fram sem allra fyrst. Hafnarfjarðarbær væntir þess jafnframt að þessi framkvæmd verði hluti af því að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar í gegnum Hafnarfjörð.

Hafnarfjarðarbær hefur setið eftir miðað við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, svo ekki sé talað um sveitarfélög annars staðar á landinu, þegar kemur að útdeilingu fjármuna vegna framkvæmda við stofnvegakerfið. Það veldur vonbrigðum að ekki er breyting á þessu í samgönguáætlun 2015-2018, ef frá er talin hin nauðsynlega framkvæmd við mislægu gatnamótin við Reykjanesbraut og Krýsuvíkurveg.

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að haldið verði áfram uppbyggingu stofnvegakerfisins í gegnum bæinn en auk gatnamóta Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar eru tvenn önnur gatnamót í stofnvegakerfinu í Hafnarfirði sem eru fyrir löngu hætt að anna þeirri umferð sem um þau fer. Hlíðartorg er hringtorg á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu/Hlíðarbergs. Þau gatnamót eru yfirfull í dag og á álagstímum að morgni má sjá röð af bílum hálfra leiðina að Straumsvík. Hafnarfjörður fer fram á að skoðað verði hvernig hægt sé að auka flutningagetu þeirra. Mislæg gatnamót væru besta lausnin til að leysa umferðarvandamálin þar. Síðan þarf að horfa til gatnamóta Fjarðarhrauns og Reykjanesbrautar við Kaplakrika. Þar verður einnig að bæta flæði umferðar því úrbætur á mótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu/Hlíðarbergs myndu færa vandann þangað.

Virðingarfyllst,  
  
Haraldur L. Haraldsson  
bæjarstjóri